

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Velferðarnefnd

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2022

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 152. löggjafarþing 2021 -2022. Þskj. nr. 34 - 34. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 7. febrúar 2022, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmið frumvarpsins er að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fái lagagildi hér á landi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fyrrgreindur samningur verði lögfestur, en hann var fullgiltur hér á landi í desember 2016. Alþjóðasamningur hefur ekki bein réttaráhrif á Íslandi fyrr en hann hefur verið lögfestur. Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði mikil réttarbót og myndi tryggja með lögum þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Markmið samnings er, líkt og í greinargerðinni segir, að "efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess". Íslandsdeild Amnesty International vill nota tækifærið og benda á að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. samningsins skuldbinda aðildarríkin sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar. Enn fremur kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samningsins og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skuli aðildarríkin hafa náíð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna. Hvatt er til þess að ofangreint samráð sé tryggt við innleiðingu samningsins.

Íslandsdeild Amnesty International styður frumvarpið og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum og til tryggingar þeirrar réttarverndar sem fatlað fólk á rétt á.

Virðingarfyllt

  
AMNESTY INTERNATIONAL  
Íslandsdeild

---

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International